



Reykjavík, 7. nóvember 2011

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtdaginn 3. nóvember 2011 vegna tilkynningar mótanefndar, dags. 26. október 2011, þar sem óskað var eftir því að aganefnd skoðaði frestunarbeiðni ÍR-M fyrir leik liðsins í 5. umferð, þar sem grunur léki á að þær upplýsingar sem fram hefðu komið í beiðninni hefðu ekki að öllu leyti verið á rökum reistar.

Leitað var skýringa ÍR-M með tölvupósti, dags. 28. október 2011, á umræddu álitaefni áður en nefndin tæki afstöðu til þess, og eftir atvikum hvort álitaefnið félli undir aganefnd. Skýringar ÍR-M bárust með tölvupósti, dags. 28. október 2011.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar mótanefndar KLÍ og skýringa ÍR-M.

Eftir að hafa farið yfir reglugerðir KLÍ telur aganefnd ekkert í reglugerðum sem kunni að taka á álitaefninu hvað aganefnd snerti, jafnvel þó þær upplýsingar sem fram kæmu í frestunarbeiðninni væru ekki að öllu leyti réttar.

Það er mat nefndarinnar að það sé mótanefndar að taka ákvörðun um frestun viðureigna í samræmi við ákvæði reglugerðar um mótanefnd, og leggja mat á fram komin gögn og upplýsingar sem henni berast vegna frestunarbeiðna. Aganefnd telur sig ekki hafa heimild til þess að endurmetsa þær ákvarðanir, eða taka efnislega afstöðu til frestana viðureigna.

Í ljósi framangreinds hefur aganefnd ákveðið að vísa málínu frá.

Úrskurðarorð

Tilkynningu mótanefndar vegna frestunarbeiðni ÍR-M vegna leiks í 5. umferð er vísað frá aganefnd.

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar

Sigríður Klemensdóttir

Ómar Kristjánsson